

## 10. Frumvarp

til laga um réttindi og skyldur embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

### 1. gr.

Embættismaður er hver sá, sem fengið hefir ótímabundna skipun til starfs í þágu ríkisins, ef árslaun þau, er fylgja stöðu hans eru ákveðin í launalögum eða öðrum lögum.

### 2. gr.

Konungur eða ráðherra skipar embættismenn eftir því sem lög mæla fyrir. Sá, sem skipað hefir embættismann getur vikið honum úr embætti.

Ráðherra setur embættismenn til bráðabirgða, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

### 3. gr.

Engan má skipa embættismann nema hann hafi ríkisborgararétt og tali og riti íslenska, tungu.

### 4. gr.

Nú er embætti laust og skal þá auglýsa það til umsóknar í því blaði, sem flytur auglýsingar stjórnarvalda, með minnst þriggja vikna fresti.

Ráðherra getur þó gert undantekningu frá ákvæðum þessarar gr.

5. gr.

Nú er embætti veitt og skal þá fá embættismanni veitingarbréf.

Í fyrsta sinni, sem manni er veitt embætti, skal hann, áður en hann tekur við því eða samtímis, undirrita eiðstaf eða drengskaparheit að stjórnarskránni og um að gæta embættisstarfs síns með trúmennsku og samvitzkusemi.

6. gr.

Embættismaður skal gæta vandlega þeirra laga og reglna, sem um embætti hans gilda og í öllu hegða sér svo, að samboðið sé stöðu hans, hvort sem hann er að embættisverki eða ekki.

7. gr.

Embættismaður skal halda því leyndu, sem hann kemst að vegna stöðu sinnar, ef nauðsyn er á eftir eðli málsins eða leynd er sérstaklega fyrirskipuð. Þagnarskylda helzt þótt hann láti af embætti.

8. gr.

Skylt er embættismanni að láta sér lynda breytingar og aukningar embættisstarfans, þótt ekkert sé um það áskilið í veitingarbréfi.

9. gr.

Embættismaður má ekki taka að sér neitt aukastarf, sem að dómi ráðherra er þannig, að ræksla þess fari í bága við embættisstörfin eða geti valdið því, að hann verði ófær til að inna þau af hendi eða hluta af þeim.

10. gr.

Nú brýtur embættismaður í verulegum atriðum gegn embættisskyldum sínum eða sýnir yfirboðurum sínum vitaverða óhlýðni eða þrjúsku og má þá víkja honum úr embætti með eða án fyrirvara, sbr. þó 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Rétt er þeim, sem hefir verið víkið úr embætti að bera undir dómstólana hvort nægar sakir hafi verið til brottrekstrarins og skera þeir úr, hvort hinn frávikni embættismaður skuli taka við embætti sínu eða ekki og hvort hann eigi rétt til skaðabóta.

Mál vegna frávikningar úr embætti skal höfða áður 3 mánuðir eru liðnir frá afsetningardegi.

11. gr.

Nú er embættismaður sekur um minni yfirsjónir en þær, sem í 10. gr. segir, og er ráðherra þá rétt að gefa honum áminningu. Embættismaður, sem þrisvar hefir fengið áminningu og bætir ekki ráð sitt er rækur úr embætti. Ef honum er víkið frá getur hann borið undir dómstólana, hvort áminningar hafi haft við nægileg rök að styðjast eða ekki. Að öðru leyti fer um málið eins og segir í 10. gr.

12. gr.

Ef embættismaður er ákærður eða grunaður um glæp eða líkur til, að hann hafi unnið verk, sem eru ósamrýmanleg stöðu hans, skal víkja honum úr em-

bætti um stundarsakir, þar til málið er útkljáð, en flýta skal úrslitum svo sem verða má.

Meðan frávikning um stundarsakir stendur yfir, fær embættismaður helming fastra launa, að því leyti sem þau eru greidd í peningum. Verði hann algerlega sýknaður og taki við embætti sínu aftur eða eigi rétt á því, fær hann greiddan hinn helminginn.

#### 13. gr.

Embættismanni, sem verður gjaldþrota og hefir með höndum sjálfstæða fjárgæymslu fyrir ríkið, skal víkja úr embætti meðan þrotabúsmeðferðin stendur yfir og að fullu, ef ráðherra telur ástæðu til. Slik mál verða ekki borin undir dómstóla og laun greiðast ekki, þegar svo stendur á, sem í þessari gr. segir.

#### 14. gr.

Þegar í hlut á embættismaður, sem hefir með höndum sjálfstæða fjárgæymslu eða innheimtu fyrir rikissjóð, er fjármálaráðherra heimilt að taka af honum embættisstörfin allt að 3 mánuði, meðan að rannsókn á fjarreiðum hans fer fram og setja annan til að gegna embættinu á eigin ábyrgð.

Meðan að svo er ástatt, sem segir í þessari gr. fær embættismaður laun sín óskert.

#### 15. gr.

Nú sýkist embættismaður og greiðir þá rikissjóður honum lögmælt laun allt að 6 mánuði, ef hann sannar með læknisvottorði, sem ráðherra tekur gilt, að honum verði ekki um sjúkleikann kennt og að veikindunum sé þannig varið, að hann geti ekki gegnt embættinu.

Ákvæði þessarar gr. eiga þó ekki við þegar ætla má, að embættismaðurinn taki ekki við embættinu aftur.

#### 16. gr.

Nú slasast embættismaður meðan hann er gegna embættisstarfi og skal þá ákveða bætur handa honum í fjárlögum eða fjáraukalögum, en fjármálaráðherra gerir tillögu um fjárhæð bótanna.

#### 17. gr.

Ráðherra getur veitt embættismanni fri frá störfum, þó ekki lengur en 1 ár, enda greiðast honum þá ekki laun, nema hann með samþykki ráðherra sjái um rekstur embættisins á sinn kostnað.

#### 18. gr.

Rikissjóður greiðir árslaun embættismanna venjulega með  $\frac{1}{12}$  mánaðarlega fyrirfram. Endurgreiðsla á sér ekki stað, þótt maður láti af embætti, af hvaða ástæðum sem er, áður sá mánuður er liðinn, sem greiðslan á við.

Sömu reglum skal fylgja um greiðslu eftirlauna, lífeyris og fjárstyrkja eftir 18. gr. fjárlaganna.

19. gr.

Þegar embættismaður flytzt milli embættis tekur hann í fyrsta sinn laun hins nýja embættis 1. dag þess mánaðar, sem næstur er þeim, er hann tók við embættinu.

Þegar maður, sem ekki var embættismaður áður, tekur við embætti nýtur hann launa fyrir þann hluta mánaðarins, sem hann gegnir embættinu.

20. gr.

Nú er embætti lagt niður og á þá embættismaður kröfu á  $\frac{1}{2}$  árs launum, ef hann tekur ekki við öðru starfi í þágu ríkisins. Sé hið nýja starf lægra launað á hann kröfu á mismuninum hið fyrsta missiri.

21. gr.

Embættismaður, sem ekki hefir hærri árslaun en 3000 kr. getur tryggingarlaust fengið skyndilán úr ríkissjóði, er nemur allt að  $\frac{1}{2}$  árslaunum, ef fjármálaráðherra telur nauðsyn á vegna fjárhags hans. Þessi lán endurborgast á allt að 2 árum, ávaxtast með 5 af hundraði á ári og dragast frá launum embættismannsins í jöfnum mánaðargreiðslum frá 1. þess mánaðar, sem næstur fer eftir lántökuna.

Nú eru árslaun embættismanns hærri en 3000 kr. og getur hann þá fengið skyndilán eins og segir í 1. málsg. þessarar gr., ef hann hefir þurft að leggja í kostnað vegna sjúkdóms, hans sjálfs eða skylduliðs hans, eða flutnings milli embættis.

Sá, sem hefir fengið skyndilán, getur ekki fengið nýtt lán samskonar fyrr en 1 ár er liðið frá því næsta lán á undan var að fullu greitt.

Um skyndilán, sem veitt hafa verið áður lög þessi öðluðust gildi, fer eftir samningum um þau.

22. gr.

Embættismaður, sem er lagt ókeypis húsnæði, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum og leigjendur almennt, nema öðru vísi sé ákveðið.

23. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá,  $\frac{1}{4}$  af þeim samanlögðum.

24. gr.

Embættismaður er skyldur til að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Nú er embættismaður settur í annað embætti og verður þess vegna að láta af að gegna sínu eigin embætti og má þá veita honum öll launin, auk endurgjalds ferðakostnaðar, enda tekur hann þá ekki þau laun, sem hans embætti fylgja. Ef hann gegnir báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, sem hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja, þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

25. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fé úr rikissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda ráðherra greinilega, sundurliðaða skýrslu um þennan kostnað í lok hvers almanaksárs.

26. gr.

Embættismaður getur sagt lausu embætti sínu með þriggja mánaða fyrirvara. Ráðherra getur samþykkt, að frestur sá sé styttri.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld þessi lagaákvæði:

1. Tilskipun 15. jan. 1776, um skilríki fyrir fæðingarétti.
2. Tilskipun 27. september 1799, um takmörk prentfrelsisins, að því leyti sem hún er ekki áður úr lögum numin.
3. Konungsbréf 8. apríl 1844, um islenzkukunnáttu þeirra, er sækja um embætti á Íslandi.
4. Opið bréf 31. maí 1855, um ávisanir embættislauna og þesskonar sem og um borgun slíkra launa fyrir fram.
5. Konungsúrskurður 27. maí 1857, um islenzkukunnáttu embættismannaefna.
6. Konungsúrskurður 8. febrúar 1863, um próf í islenzku.
7. Lög nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, 1.—5. gr.

Ennfremur eru úr gildi felld þau lagaákvæði, sem fara kunna í bága við þessi lög.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórninni hefir þótt ástæða til að safna saman í einn bálk þeim tiltölulega fáu eldri lagaákvæðum, sem til eru, um skyldur og réttindi embættismanna, breyta þeim í ýmsu og auka við því, sem mest virðist aðkallandi. Því verður tæpast neitað, að löggjöf sú, sem nú gildir, er í sumum atriðum svo ósamræm nútíðarhugsunarhætti og nútíðarkröfum, að full ástæða er til að taka þessi ákvæði til endurskoðunar. Væntanlega verður því ekki heldur neitað, að þessi löggjöf er ófullkomin. Í hana vantar ýmis ákvæði, sem eru nauðsynleg bæði til þess að tryggja samræmi í meðferð framkvæmdavaldsins á þessum málum og til þess að meira öryggi sé um, hvað má heimta og hvað ber að varast. Lög um þetta efni sýnast því æskileg bæði vegna framkvæmdavaldsins og embættismanna. Það er sérstaklega nauðsynlegt að gera það, sem unnt er til þess að tryggja, að embættismenn landsins sæti samskonar meðferð mála og að meiri víska sé um, að

hverju er að ganga og hverjar séu skyldur þeirra og réttindi. Um skyldur þeirra eru að sönnu allýtarleg ákvæði í 13. kap. hinna almennu hegningarlaga, en þau ákvæði lúta aðeins að refsiverðu athæfi og er ekki við þeim bálk hróflað hér.

Það hefir verið viðurkennt, að skipun í embætti sé starfssamningur, sem gilda eigi, nema annað sé tekið fram sérstaklega, meðan hann er ekki brotinn annað hvort með verknaði eða vanrækslu, hvort sem hún stafar af því, sem embættismanni verður talið sjálfrátt, svo sem venjulegt skeytingarleysi, eða ósjálfrátt svo sem elli eða vanheilsa. Fyrir því á embættismaðurinn að vera tryggður gegn því, að hann sé settur af að ástæðulausu og hann á að hafa heimild til að leita um þetta álit þess valds þjóðfélagsins, sem til þess er sett að skera úr deilum manna.

Ýmsar þjóðir hafa sett aldurshámark embættismanna. Í Danmörku mega t. d. ekki eldri menn en 70 ára vera í embættum nema dómarar. Slikt ákvæði hefir ekki verið tekið upp í þetta frv., enda sýnist þess tæplega þörf, því að það er ótítt hér á landi, að menn yfir 70 ára gegni embættum og lægra aldurstakmark er varla rétt að setja, hvorki vegna embættismanna né ríkissjóðs. .

Það er að sjálfsgöðu álitamál, hvað taka beri í lög sem þessi og má búast við, að um það verði deilt. Líklegra sýnist þó, að fremur sé tekið hér of fátt en of margt.

Um hinar einstöku gr. frv. þykir rétt að taka fram það, sem hér segir:

#### Um 1. gr.

Áður langt liður hlýtur launakerfi embættismanna að verða endurskoðað og er þá varla efi á, að miklu fleiri laun verða þá ákveðin í launalögum en nú er. Við þetta hlýtur embættismanns-hugtakið að verða yfirgrípsmeira, en til þess að ákvæði frv. eigi við um alla, sem því er ætlað að ná til, virðist verða að ákveða hugtak þetta eins og hér er gert.

#### Um 2. gr.

Í þessari gr. er ekki annað en það, sem er í lögum og er helgað af venju.

#### Um 3. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

#### Um 4. gr.

Það hefir verið venja að auglýsa laus embætti til umsóknar, þó að stundum hafi verið út af því brugðið. Þessa venju sýnist réttast að löghelga, en jafnframt er rétt að geta þess, að þótt ráðherra sé heimilað að vikja frá þessu, þá er þó til-ætlunin, að það sé ekki gert nema þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

#### Um 5. gr.

Er í samræmi við venjur, sem fylgt hefir verið og gefur ekki tilefni til athugasemda.

#### Um 6. gr.

Ákvæði þessarar gr. virðast sjálfsgöð.

Um 7. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 8. gr.

Þessi gr. svarar til 2. gr. launalaganna frá 28. nóv. 1919.

Um 9. gr.

Það liggur í hlutarins eðli, að embættismanni hlýtur að vera óheimilt að taka að sér störf, sem á einhvern hátt geta farið í bága við embættisstörf hans. Embættismaðurinn hefir lofað starfskröftum sínum til ákveðins starfs og hann getur því ekki, nema með því að rjúfa þann samning sem liggur til grundvallar veitingunni, notað starfsorku sína til verka, sem gera hann óhæfan til að inna embættisstörfin af hendi. Mat á þessu er varla hægt að fela öðrum en yfirmönnum hans.

Um 10. gr.

Í þessari gr. er eingöngu átt við afsetningu, sem framkvæmdavaldið afræður, en ekki við afsetningu með dómi, sem er miklu fátíðari. Eins og vikið er að í hinni almennu athugasemd virðist rétt að gefa embættismanni skýlausan rétt til að fá úrskurð dómstóla um réttmæti eða óréttmæti frávikningar. Embættismaður, sem vikið er frá að ósekju eða án nægra saka á að fá aftur embætti sitt, ef hann vill og bætur fyrir skaða sinn að auki. Þetta er í samræmi við almennar réttarfarsreglur.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru alveg ný og miða að því að láta embættismenn hafa frekara aðhald en verið hefir, án þess þó að svipta þá nokkrum rétti. Ákvæði gr. mundu sennilega einkum verða notuð gagnvart embættismönnum, sem eru hirðulausir um störf sín.

Um 12. gr.

Þessi gr. þarf varla rökstuðnings, en er þó nauðsynleg til þess að skýr fyrir-mæli séu, um hvaða kröfur embættismaður á og hvaða skyldur hvila á rikissjóði.

Um 13. gr.

Gr. er í samræmi við þær reglur, sem mun hafa verið fylgt, og sýnist ekki þurfa skýringa.

Um 14. gr.

Innihald þessarar gr. er nýmæli. Það ræður af likum, að mjög er erfitt með skoðun, sem er framkvæmd á fáum dögum að sannreyna, hvort fjárreiður allar eru í lagi hjá þeim embættismanni, sem hefir á hendi margháttaðar og ósamkynja fjárgeymslu og innheimtu. Hér er því stungið upp á að gefa fjármálaráðherra heimild til að setja annan mann til bráðabirgða í embættið, til þess að sannreyna hvort allt er í lagi. Þetta getur að sönnu orðið nokkur kostnaður

fyrir ríkissjóð, en tæpast er í það horfandi, enda gengið út frá, að þessi heimild verði ekki notuð nema brýnt tilefni þyki til, svo sem sein skil embættismanns, miklar eftirstöðvar í árslok eða þess háttar.

Um 15. gr.

Hingað til hefir ýmsum reglum verið fylgt um launagreiðslur, ef embættismaður hefir veikst. Tilgangurinn með gr. er að slá fastri ákveðinni reglu, til þess að fyrirbyggja ósamræmi.

Um 16. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 17. gr.

Þessi gr. þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Er að mestu í samræmi við opið bréf 31. maí 1855 og þær reglur, sem hingað til hefir verið fylgt.

Um 19. gr.

Skýringar sýnast óþarfar.

Um 20. gr.

Í gildandi lögum munu engin ákvæði til um rétt embættismanns, þegar embætti hans er lagt niður. Minni rétt en þann, sem gr. ráðgerir, virðist varla unnt að gera ráð fyrir.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar gr. um skyndilán eru svipuð þeim reglum, sem gilt hafa hingað til. Ástæðulaust sýnist að lán þessi séu vaxtalaus.

Um 22.—25. gr.

Þessar gr. eru að efni til eins og 1. og 3.—5. gr. gildandi launalaga frá 28. nóv. 1919, en eru teknar hér upp til þess að skapa heild.

Um 27.—28. gr.

Það mun hafa verið álitid, að embættismenn hafi rétt til að segja lausu embættinu þegar þeir vilja. Þenna rétt sýnist ekkert á móti að lögfesta, þó þannig að rikið eigi kröfu á nokkrum uppsagnarfresti, ef ráðh. þykir þörf á. Hinsveg- ar er gengið út frá, að sjaldan muni þurfa til þess að taka að neita embættis- manni um lausn á þeim tíma er hann óskar.

Um 27.—28. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.